

Hafnarfjörður 8.júlí 2016

Efni: umsókn um undanþágu frá bráðabirgðaleyfi (1. árs leyfi) um fjölda barna.

Guðný Pála Rögnvaldsdóttir, dagforeldri, hefur starfað ásamt Maríu Hjartardóttur frá því 1.október 2015, en þá fékk hún starfsleyfi til eins árs eins og reglur segja til um.

Guðný sækir um að fá að hafa 5 börn í gæslu í stað 4 frá og með 15. ágúst í stað 1.október, en þá endurnýjast leyfið hennar.

Guðný hefur lagt fram öll gögn til endurnýjunar á starfsleyfi og uppfyllir öll skilyrði til endurnýjunar. Samstarf við hana hefur verið gott og ekki hafa borist neinar kvartanir um störf hennar. Hún hefur einnig haft frumkvæði að því að leita ráða og álits hjá daggæslufulltrúa.

Með kveðju,

Hrund Guðmundsdóttir
Daggæslufulltrúi